

LEIÐBEININGAR

við

reglur um lausafjárhlutfall o.fl. nr. 1031/2014

útgáfa 1.0 - desember 2014

I. KAFLI Almennt

Kaflí I í þessum leiðbeiningum fjallar um tilgang lausafjárreglnanna, framkvæmd þeirra o.fl. Kaflí II fjallar um einstaka liði lausafjárhlutfallsins og kaflí III. fjallar um upplýsingahluta reglnanna sem varða innstæðuyfirlit. Nýjustu útgáfu leiðbeininganna er hægt að nálgast á heimasíðu Seðlabankans, www.sedlabanki.is. Að öðru leyti vísast í reglur um lausafjárhlutfall nr. 1055/2013 sem einnig má finna á heimasíðu Seðlabankans. Leiðbeiningar þessar eru ekki tæmandi.

1.1. Tilgangur lausafjárreglna

1.1.1. Markmið lausafjárreglna er að draga úr skaðlegum áhrifum áfalla á fjármálamarkaði sem birtast í lausafjárþrengingum einnar eða fleiri lánastofnana, draga úr lausafjárahættu þeirra og fjármálakerfisins með því að stuðla að því að lánastofnanir eigi ávallt nægt laust fé til að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á 30 daga tímabili. Grundvallaratriði fyrir rekstrarhæfi sérhvers fjármálafyrirtækis er að geta fjármagnað aukningu í eignum og standa við skuldbindingar sínar þegar þær falla til. Því er nauðsynlegt að búa yfir nægu lausu fé frá einum tíma til annars. Traust stýring á lausu fé þarf því að vera til staðar og er nauðsynlegur starfsþáttur innan fjármálafyrirtækja. Þannig er dregið úr líkindum á alvarlegum áföllum eða röskunum á starfsemi fjármálafyrirtækja. Mikilvægi lausafjástýringar þarf einnig að skoða út frá fjármálastöðugleika á markaði þar sem að smitáhrif geta haft alvarleg áhrif. Því er nauðsynlegt að hægt sé að greina fjármögnunarþörf til skemmri og lengri tíma auk þess að mæla lausafjástöðu með reglubundnum hætti.

1.2. Framkvæmd og eftirlit

1.2.1. Reglurnar taka til lánastofnana; fjármálafyrirtækja með starfsleyfi samkvæmt 1.-3. tl. 1 mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja. Reglurnar taka til móðurfélags og samstæðu þar sem lánastofnunin er móðurfélag í. Seðlabankinn getur veitt lánastofnunum heimild til að undanskilja dótturfélag í samstæðuskilum enda sýni lánastofnun fram á, með fullægjandi hætti að mati Seðlabankans, að dótturfélag hafi ekki teljandi áhrif á lausafjárhlutfall og lausafjárahættu samstæðu.

1.2.2. Lánastofnunum er skylt að senda Seðlabankanum mánaðarlega skýrslu um upplýsingar sem liggja til grundvallar útreikningi á lausafjárhlutfallinu. Skýrslum um laust fé skal skilað til Seðlabankans fyrir tíunda dag hvers mánaðar vegna móðurfélags en fyrir tuttugasta dag hvers mánaðar vegna samstæðuskila og er bankanum heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum. Auk lausafjárskýrslna skal við skýrsluskil skila innstæðuyfirliti til upplýsinga. Sjái Seðlabankinn ástæðu til skal auk þess veita allar þær upplýsingar sem Seðlabankinn telur nauðsynlegar til að geta betur metið lausafjástöðu lánastofnunar eða framkvæmt álagspróf. Innri endurskoðandi lánastofnunar, þar sem hann er til staðar, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð lauss fjár að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum

skriflega yfirlýsingu þar um. Lánastofnanir skulu skila lausafjárskýrslum tíðar en mánaðarlega sjái Seðlabankinn ástæðu til að óska eftir því.

- 1.2.3. Lausafjárkröfur skv. reglum taka til 30 daga lausafjárhlutfalls en einnig er tiltekið í reglum að reiknað skuli og fylgst með þriggja mánaða hlutfalli við mat á lausafjárahættu, ásamt þróun þessara hlutfalla.
- 1.2.4. Baselnefndin um bankaeftirlit hefur gefið út leiðbeiningar um lausafjárhlutfall (Liquidity Coverage Ratio, LCR) sem lausafjárreglurnar byggja á: Bank for International Settlements. (2013). *Basel III: The Liquidity Coverage Ratio and liquidity risk monitoring tools*¹.
- 1.2.5. Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja² sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit nr. 87/1998. Tilmælunum er beint til fjármálafyrirtækja, og gilda eftir því sem við á bæði fyrir móðurfélög og samstæður fjármálafyrirtækja. Þau byggja á tilmælum frá Basel nefndinni um bankaeftirlit (*e. Principles for Sound Liquidity Risk Management and Supervisions*) sem voru síðast uppfærð í september 2008 og setja fram nokkrar meginreglur um bestu framkvæmd lausafjárstýringar. Þar má m.a. finna umfjöllun um lausafjárahættu innan dags og áhættu vegna gjaldmiðlamisræmis milli erlendra gjaldmiðla. Í framangreindum tilmælum frá Baselnefndinni er að finna nánari umfjöllun um lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja og vísast til þess varðandi frekari skýringar.

II. KAFLI Lausafjárhlutfall

2.1. Almennt og forsendur álags

- 2.1.1 Lausafjárreglurnar eru byggðar á sömu forsendum og lausafjárkröfur sem verða gerðar víðast hvar alþjóðlega frá og með árinu 2015. Lausafjárreglurnar hafa verið hannaðar með það að leiðarljósi að takmarka smit í fjármálakerfinu vegna áfalls í hluta þess eða jafnvel aðeins í einu fjármálafyrirtæki. Þannig eru verðbréf útgefin af fjármálafyrirtækjum ekki skilgreind sem lausafjäreignir og eru takmörk á að hve miklu leyti bankar geta reitt sig á innstæður í öðrum bönkum til að greiða vænt útlæði. Auk þess er gert ráð fyrir áhættu vegna liða utan efnahags, svo sem aukinna veðkalla vegna afleiðusamninga og verðbreytinga á þeim. Hlutföllin eins og þau eru skilgreind af Baselnefndinni eru lágmarksviðmið. Hérlandis hefur verið bætt við innlánaflokkum vegna áhættu tengdri innlánnum banka í gjaldþrotaskiptum eða greiðslustöðvun, einnig eru innlán erlendra aðila aðgreind sérstaklega með hærri útlæðisvægi.
- 2.1.2 Fjármálafyrirtækjum er gert að uppfylla hlutfallið bæði í heild og erlendri mynt þar sem lausafjárkröfur í erlendum gjaldmiðlum eru mjög mikilvægar, sér í lagi í ljósi þess að innlendir bankar hafa ekki lausafjáraðgang í erlendum gjaldmiðlum hjá seðlabanka. Aukatímaböndum var bætt við skýrslugjöf vegna lausafjárhlutfallsins til að fá betri mynd af samningsbundnu greiðsluflæði og lausafjárahættu sem gæti orðið til skamms tíma vegna ójafnvægis í greiðsluflæði.

¹ Í kjölfar alþjóðlegrar lausafjarkreppu jukust kröfur um samræmingu í lausafjareftirliti og að lausafjárstaða banka yrði eflid. Nýir samræmdir staðlar Baselnefndarinnar um bankaeftirlit taka því einnig til lausafjárstöðu en ekki einungis eigin fjár eins og áður. Baselnefndin gaf út ný og uppfærð tilmæli um bestu framkvæmd lausafjárstýringar árið 2008 og árið 2009 voru boðaðir nýir samræmdir lágmarksstaðlar. Drög að þeim lágmarkshlutföllum komu út í lok árs 2010. Þar var um að ræða tvö hlutföll; annars vegar lausafjárhlutfall (Liquidity Coverage Ratio, LCR) og hins vegar fjármögnunarhlutfall (Net Stable Funding Ratio, NSFR). Áhersla hefur verið á fyrra hlutfallið (LCR) og samhlíða breytingum á lausafjárhlutfallinu sem Baselnefndin birti í janúar 2013 tilkynnti nefndin að reglurnar væru svo til fullgerðar frá þeirra hendi. Samkvæmt þeim breytingum skulu fjármálafyrirtæki hafa lausafjárhlutfall að lágmarki 60% frá og með byrjun árs 2015 sem hækkar um 10 prósentustig á ári til ársins 2019 þegar krafist verður 100% lausafjárhlutfalls. Fjármögnunarhlutfallið á að taka gildi árið 2018 og vera þá að lágmarki 100%. <http://www.bis.org/publ/bcbs238.pdf>.

² http://www.fme.is/media/leidbeinandi_tilmaeli/Leidbeinandi_tilmaeli_2010_2.pdf

- 2.1.3. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í lausafjárreglunum skulu lánastofnanir hafa lausafjárhlutfall að lágmarki 60% frá og með gildistöku reglnanna, 70% frá og með 1. janúar 2014 sem hækkar árlega um 10 prósentustig þar til að 100% mörkum verður náð árið 2017. Til viðbótar eru kröfur um að lausafjárhlutfall í erlendum gjaldmiðlum nemi ávallt að lágmarki 100%.
- 2.1.4. Gengið er út frá lausafjálalagi í reglunum sem getur tengst lánastofnuninni sjálfri eða lausafjárþrengingum á markaði. Gert er ráð fyrir:
- Útflæði innlána.
 - Lánastofnun missir hluta af ótryggðri heildsölufjármögnun.
 - Lánastofnun getur ekki endurfjármagnað hluta af skammtímatryggðri fjármögnun, sem tryggð er með ákveðnum veðum, eftir því hverjir mótaðilar eru.
 - Aukið útflæði vegna lækunar lánshæfismats lánastofnunar sem nemur þremur lánshæfismatsflokkum. Þar með talið kröfur um veðköll.
 - Aukið flökt á mörkuðum sem hefur áhrif á gæði veða eða hugsanlegar afleiðustöður og krefjast því aukins frádrags veða, veðkalla eða leiða af sér aðra lausafjárþörf.
 - Ófyrirséður ádráttur á samningsbundnar, ónýttar lánsheimildir eða lausafjárfyrirgreiðslur.
 - Hugsanleg þörf lánastofnunar til þess að kaupa upp eigin skuldbindingar eða uppfylla ósamningsbundnar skuldbindingar til þess að skaða ekki ímynd lánastofnunar.

2.2. Mat á lausu fé

- 2.2.1. Til lauss fjár lánastofnana í reglum þessum telst bæði laust fé í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Laust fé skal flokkað eftir neðangreindum sjö tímabilum:
- Laust innan þrjátíu daga.
 - Laust eftir þrjátíu daga til allt að þriggja mánaða.
 - Laust eftir þrjá mánuði til allt að sex mánaða.
 - Laust eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.
 - Laust eftir tólf mánuði til allt að þrjátíu og sex mánaða.
 - Laust eftir þrjátíu og sex mánuði til allt að sextíu mánaða.
 - Laust eftir sextíu mánuði.

2.3. Lágörk og útreikningar

- 2.3.1. Lausafjárhlutfallið er byggt upp á þann hátt að lausar hágæðaeignir eru skoðaðar sem hlutfall af hreinu útflæði. Hreint útflæði er þó reiknað með þeim takmörkunum að innflæði til frádráttar útflæði nemi aldrei meira en 75% af útflæði að teknu tilliti til vægis (sjá jöfnu). Það fer eftir samsetningu lauss fjár hvort þessi takmarkandi þáttur hafi áhrif fyrir fjármálafyrirtæki. Þar sem innstæður í öðrum bönkum teljast til innflæðis geta lánastofnanir ekki geymt allar sínar lausafjáreignir á þann máta, þar sem það reiknast aðeins upp að 75% af mögulegum útgreiðslum. Þetta er hugsað sem þáttur í að hindra mögulegt smit á fjármálamarkaði.

$$\text{Lausafjárhlutfall (LCR)} = \frac{\text{Lausafjáreignir}}{\max(25\% \text{ útflæði; útstreymi} - \text{innstreymi})}$$

- 2.3.2. Lausafjárhlutföll lánastofnana skulu á hverjum tíma eigi vera lægri en 1 fyrir næstu 30 daga. Vísast þó til bráðabirgðaákvæðis um aðlögun á heildarlágmarki (2.3.4) auk ákvæðis sem gildir um lánastofnanir sem hafa enga eða litla gjaldmiðlalausafjánhættu (2.3.3). Lánastofnanir skulu einnig gera grein fyrir lausafjárhlutföllum fyrir önnur tímabil, þ.e. samkvæmt 2.-7. tl. 2. mgr. 2. gr. lausafjárreglnanna. Lánastofnun skal færa allar upphæðir í milljónum íslenskra króna en greint niður á íslenskar krónur, evrur, bandaríkjadali og aðra gjaldmiðla. Við útreikning skal umreikna fjárhæðir miðað við miðgengi íslensku krónunnar samkvæmt síðustu opinberu gengisskráningu Seðlabanka Íslands í lok hvers mánaðar. Lánastofnun skal færa upphæðir án vægis. Komi til þess að lánastofnun sé undir lágörkum skal hún umsvifalaust tilkynna Seðlabankanum um það með skriflegum hætti þar sem ástæður þess eru tilgreindar með

fullnægjandi hætti. Viðkomandi lánastofnun skal enn fremur leggja fram tímasetta áætlun um hvernig hún hyggst ná lágmarki lausafjárhlutfalls.

- 2.3.3 Sé lánastofnun ekki með vegið útflæði í erlendum gjaldmiðlum næstu 30 daga eða vegið útflæði í erlendum gjaldmiðlum er bæði undir kr. 5.000.000.000 (krónur fimm milljarðar) og ekki umfram 10% af vegnu heildarútflæði nægir að vegið innflæði í erlendum gjaldmiðlum sé umfram vegið útflæði auk þess sem lausafjárhlutfall sé eigi lægra en 1 samtals. Sjá betur í 1. mgr, 4. gr., II. kafla lausafjárreglna.
- 2.3.5 Auk lausafjárhlutfalls skal einnig reikna lausafjárhlutfall fyrir næstu þrjú mánuði og fylgjast með þróun þessara hlutfalla við mat á lausafjárahættu lánastofnunar. Telji Seðlabankinn lausafjárahættu lánastofnana gefa tilefni til, getur hann aukið við þær kröfur sem gerðar eru varðandi lausafjárhlutfallið (2.3.2).

2.4. Lausafjäreignir

- 2.4.1. Teljarinn í jöfnu lausafjárhlutfalls (2.3.1) segir til um stöðu lausafjäreigna. Lánastofnanir þurfa að eiga lausar eignir sem nema hugsanlegu hreinu útflæði yfir 30 daga tímaband, undir því álagsprófi sem reglurnar lýsa með vægi liða. Lausafjárhlutfall er einnig reiknað fyrir næstu þrjú mánuði. Lausafjäreignir eru samkvæmt reglunum þær eignir sem teljast til hágæða lausafjäreigna (HQLA; High Quality Liquid Assets) en það eru þær eignir sem hægt er að breyta auðveldlega og tafarlaust í reiðufé án hættu á að þær missi verðgildi sitt. Lausafjargildi eigna ræðst af undirliggjandi álagsástandi á markaði, magni þess lausafjárns sem þarf að losa um og þeim tímaramma sem um ræðir. Markaðs- og söluhæfni eignanna hefur þarna mikið að segja um hvort að eign teljist vera lausafjäreign eða ekki. Einkennandi fyrir þessar eignir er lítil áhætta, markaðsverð er þekkt og auðvelt að meta, lítil fylgni með áhættueignum (t.d. eignir sem eru gefnar út af fjármálafyrirtækjum) og markaðshæfni á skipulögðum mörkuðum. Þá skipta máli atriði sem koma inn á markaðshæfni eins og dýpt og virkni markaða, flókt í verði eigna og gæðaflótti (*e. flight to quality*). Þannig eru ákveðnar eignir líklegri til að halda verðgildi sínu á markaði við aðstæður lausafjárþrenginga og geta þannig myndað lausafé í beinum viðskiptum eða t.d. í endurhverfum verðbréfavíðskiptum.
- 2.4.2. Lausar eignir skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
1. Eignir eru undir stjórn þeirrar einingar lánastofnunar sem er ábyrg fyrir lausafjástýringu. Sú eining skal hafa rétt og getu til að selja eignina. Hér þarf t.d. að hafa í huga að nýting á lausafjäreign sé ekki í beinni andstöðu við samþykka rekstrar- og áhættustýringarstefnu svo sem með því að fjarlægja vörn sem gæti orðið til þess að innri áhættumörk verði brotin.
 2. Eignin má ekki vera gefin út af lánastofnuninni sjálfri eða samstæðu sem hún tilheyrir eða af eiganda fjármálafyrirtækis innan samstæðunnar.
 3. Verðbréf skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a. Viðskipti skulu vera með bréfin á skipulegum markaði.
 - b. Verð bréfanna skal vera augljóst eða auðvelt að reikna virði bréfanna.
 - c. Þau skulu vera tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, eða á sambærilegum markaði utan EES.
 - d. Þau skulu vera veðhæf í seðlabanka.
 4. Verðbréf, önnur en sértryggð skuldabréf og verðbréf með ábyrgð ríkis, sveitarfélaga eða opinberra fyrirtækja, skulu ekki vera gefin út af aðila í fjármálastarfsemi.
 5. Eignir mega ekki vera veðsettar og skulu vera kvaðalausar að öllu leyti.
- 2.4.3. Eignir skulu færðar á markaðsvirði. Ef lánastofnun hefur varið sig gegn verðbreytingum á eign með afleiðusamningi, skal aðlaga markaðsvirði eignarinnar miðað við útflæði sem yrði af því að loka slíkri stöðu.
- 2.4.4. Ef eign uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir lausar eignir (2.4.2) er lánastofnun samt sem áður heimilt að telja hana áfram með lausum eignum næstu 30 daga. Komi til þess að lausafjäreign

lánastofnunar teljist ekki lengur uppfylla skilyrði samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 5 gr. lausafjárreglnanna skal lánastofnun tilkynna Seðlabankanum um slíkt og skila yfirliti yfir hverja þá eign sem hér fellur undir ásamt markaðsvirði hennar á meðan heimild er nýtt til að telja eignina til lausra eigna lánastofnunar.

- 2.4.5. Þar sem vísað er í lánshæfiseinkunn er átt við lánshæfiseinkunn til langs tíma frá alþjóðlega viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki (*e. external credit assessment institution, ECAI*) en lánshæfiseinkunn til skamms tíma sé langtímaeinkunn ekki til staðar. Séu lánshæfiseinkunnir ekki samhljóða, skal nota staðalaðferð fyrir viðmið á lánshæfiseinkunn, sbr. nánar 7. gr. V. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.
- 2.4.6. Allar hágæða eignir skulu vera kvaðalausar með öllu. Kvaðalaus eign vísar til að eign sé laus við hvers kyns kvaðir tengdum lagalegum atriðum, reglugerðum eða reglum hvers konar, sammingsbundnum ákvæðum eða öðrum kvöðum sem gætu haft áhrif á seljanleika eignar eða takmarkað ráðstöfun á henni.
- 2.4.7. Lánastofnun er heimilt að telja til lausafjäreigna, óskiptar eignir (*e. non-segregated*) sem lánastofnun hefur tekið veð í vegna afleiðusamninga, ef lánastofnun er heimilt samkvæmt lögum og reglum að endurveðsetja eignina. Lánastofnun færir áhættu vegna mögulegrar aukinnar lausafjárþarfar í útflæðiskafla.
- 2.4.8. Lánastofnun má telja til lausafjäreigna, eignir sem lánastofnun heldur vegna endurhverfrar verðbrefasölu (*e. reverse repo*) og veðlánaviðskipta svo framarlega sem eignirnar hafa ekki verið endurveðsettar (*e. rehypothecated*) og lánastofnun getur ráðstafað þeim skv. samningi og lögum.
- 2.4.9. Lánastofnun skal telja til eigna samstæðu sem hún er móðurfélag í, eignir dótturfélaga sem uppfylla skilyrði fyrir lausar eignir svo framarlega sem áhætta endurspeglast í lausafjárhlutfalli samstæðu. Þar er átt við útflæði vegna dótturfélaga. Lausar eignir umfram hreint útflæði dótturfélags, skal einungis telja að því marki að þær séu tiltækar fyrir samstæðuna á álagstímum. Við mat á hvort eignir megji nýta í þessum tilgangi skal hafa í huga lagalegar takmarkanir sem gætu gilt um flutning eigna milli eininga eða aðrar takmarkanir svo sem vegna reglna, skattalegra eða annarra ástæðna.
- 2.4.10 Hvorki skal tvítelja eignir/innflæði né útflæði. Innflæði skal til að mynda aðeins talið af skilgreindum lausafjäreignum að því marki sem það kemur ekki fram í verði eignarinnar.
- 2.4.11 Lausafjäreignir skiptast í tvo meginflokka og seinni flokkurinn skiptist síðan einnig í tvo undirflokka:
- Fyrsta stigs eignir
 - Annars stigs eignir
 - Annars stigs eignir A
 - Annars stigs eignir B
- 2.4.12 Lausafjäreignir. Töluliðir hér að neðan vísa í númer á eyðublaði:

Fyrsta stigs eignir:

1. *Sjóður*. Seðlar og mynt í útibúum, seðlaveri og hraðbönkum.
2. *Laus innlán í seðlabönkum*. Innlán í seðlabanka sem hægt er að draga á, á álagstímum. Til dæmis innstæður á viðskiptareikningi. Vakin er athygli á því að nostro-innstæður teljast ekki til lausafjäreignar heldur er litið á þær sem innstreymislið en ekki lausafjäreign. Að sama skapi flokkast innlán í seðlabanka sem innflæði séu þau bundin til lengri tíma en til næsta virka dags. Innstæður á gjaldeyrisreikningum (IG) í Seðlabanka Íslands teljast þó hér.

3. Verðbréf útgefin af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, opinberra fyrirtækja og sveitarfélaga í íslenskum krónum. Óveðsett, veðhæf íslensk verðbréf, sjá [lista](#) um veðhæf bréf á heimasíðu Seðlabankans, hér má einnig flokka bundin innlán í seðlabanka, geti lánastofnun tekið lán gegn innláninu.
4. Verðbréf með 0% áhættuvog útgefin af eða með ábyrgð ríkis, sveitarfélaga, seðlabanka, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, opinberra fyrirtækja, Alþjóðagreiðslubankans, Seðlabanka Evrópu, alþjóðlegra þróunarbanka o.fl. Áhættuvog vísar í Basel II staðalaðferð (e. Standard Approach).

Annars stigs eignir A:

5. Verðbréf með 20% áhættuvog, útgefin af eða með ábyrgð ríkis, sveitarfélaga, seðlabanka, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, opinberra fyrirtækja, Alþjóðagreiðslubankans, Seðlabanka Evrópu, alþjóðlegra þróunarbanka o.fl. Áhættuvog vísar í Basel II staðalaðferð (e. Standard Approach).
6. Skuldabréf fyrirtækja með lágmarkseinkunn AA-.
7. Sértryggð skuldabréf með lágmarkseinkunn AA-. Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út í samræmi við lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf.

Annars stigs eignir B:

8. Verðbréf tryggð með fasteignaveðlánnum sem falla undir lög nr. 33/2013 um neytendalán með lágmarkseinkunn AA. Hér er átt við bréf sem ekki eru gefin út af lánastofnuninni sjálfri eða tengdum aðilum. Undirliggjandi eignir eru ekki heldur útgefnar hjá lánastofnuninni og eru aðeins íbúðalán en engar samsettar afurðir. Undirliggjandi íbúðalán verða við útgáfu að hafa hámarksveðhlutfall að meðaltali 80% og vera með allsherjarveð í eignum lántakanda. Verðbréfunin verður að gera ráð fyrir að útgefendur séu enn útsettir fyrir áhættu vegna undirliggjandi eigna.
9. Skuldabréf fyrirtækja með lánshæfiseinkunn milli A+ og BBB-.
10. Hlutabréf skráðra félaga, annarra en aðila í fjármálastarfsemi. Hlutabréf telja ekki sem lausafjäreignir og hafa því 0% vægi.

Upplýsingaliðir:

Í eyðublaðinu eru upplýsingaliðir sem er aðeins ætlað að bæta mat á lausafjárstöðu en hafa ekki vægi sem lausafjäreignir.

11. Sértryggð skuldabréf útgefin af íslenskri innlánsstofnun eða lánafyrirtæki. Skuldabréf ekki gefið út af viðkomandi félagi eða dótturfélagi.
12. Skuldabréf íslenskra lögaðila með lánshæfiseinkunn frá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki.
13. Önnur verðbréf en þau sem koma fram að ofan og eru veðhæf í seðlabanka. Hér undir falla verðbréf sem flokkast ekki sem lausafjäreign skv. skilyrðum, t.d. um útgefanda eða lánshæfismat en eru samt sem áður veðhæf í seðlabanka.
14. Bindifjárhæð til tryggingar í greiðslu- og uppgjörskerfum. Hér er átt við tryggingar í greiðslukerfum. Tryggingarnar eru ekki taldar með sem lausafjäreignir hér að ofan.

2.5. Útgreiðslur

- 2.5.1. Útflæði er fært á viðeigandi tímabönd út frá eftirstandandi binditíma eða gjalddögum. Telja skal útflæði á það tímaband þegar það fellur til. Laus innlán og fjármögnun með opna tímalengd skulu falla á fyrsta tímabandið ásamt þeim skuldbindingum sem falla á gjalddaga á því tímabandi. Gera skal ráð fyrir að valréttir séu nýttir, svo sem ef bankinn getur verið skyldugur til að kaupa til baka fjármögnun.
- 2.5.2. Þegar innlánnum innlánseigenda er skipt milli tryggðra og ótryggðra skal miða við heildarinnlán innlánseigenda, bæði bundin og óbundin. Ef bundin innlán eru umfram hámarksinnstæðutryggingu, þá færast öll laus innlán sem ótryggð, þ.e. fyrst er tekið mið af

bundnum innlánum og svo lausum þegar skipt er á milli tryggðra og ótryggðra innlána. Ef laus innlán (innan 30 daga) eru umfram hámarksinnstæðutryggingu, færast innlán upp að hámarkstryggingarfjárhæð sem er tryggð en það sem er umfram sem ótryggð.

2.5.3. Ekki skal telja með veðsett innlán.

2.5.4. Geti lánastofnun ekki greint innlán einstaklinga milli 15. og 16. liðar (sjá að neðan) skal flokka öll innlán einstaklinga í lið 16. Á sama hátt skal flokka öll innlán lítilla og meðalstórra fyrirtækja í lið 18 ef lánastofnun getur ekki greint innlán lítilla og meðalstórra fyrirtækja milli liða 17 og 18.

2.5.5. *Viðskiptasamband*: Lánastofnun skal senda Seðlabankanum skilgreiningar árlega og forsendur sem liggja að baki flokkunar innlána sem innlán viðskiptavina í viðskiptasambandi sem gerir úttekt innlána ólíklega. Einnig skal senda Seðlabankanum þessar upplýsingar í hvert sinn sem þessar skilgreiningar breytast. Eftirfarandi skilyrði gilda um viðskiptasamband:

- a) Viðkomandi einstaklingur og/eða fyrirtæki (lítil og meðalstór fyrirtæki) skal vera með innlán á launa-, sparnaðar-, gjaldeyris- og/eða veltureikningum að jafnaði.
- b) Einnig þarf viðskiptasamband að byggja á tveimur af eftirfarandi þjónustubáttum: Útlán og/eða útlánasaga til staðar, greiðslukort og/eða greiðslukortalán, debetkort, nýting á yfirdráttarheimild/lánaheimild, nýting á greiðsluþjónustu/innheimtuþjónustu, nýting á eignastýringu eða einkabankaþjónustu, nýting markaðsviðskipta (t.d. gjaldeyris- hlutabréfa-, skuldabréfa- eða sjóðaviðskipti), fjármögnunarþjónusta.

2.5.6. *Rekstrarsamband*: Með rekstrarsambandi er átt við samband þar sem lánastofnun gegnir hlutverki miðlunar eða annars hlutverks þar sem lánastofnunin er nauðsynleg sem milliliður í starfsemi fyrirtækis. Hér er átt við greiðslumiðlun (*e. clearing*), vörslu (*e. custody*) eða sjóðstýringu (*e. cash management*) sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Viðskiptavinurinn reiðir sig á lánastofnunina til þess að veita þjónustuna sem óháður milliaðili næstu 30 daga. Ef viðskiptavinurinn hefur aðrar leiðir færar er þetta skilyrði ekki uppfyllt.
- Þessi þjónusta verður að vera skv. löglegum, bindandi samningi.
- Uppsagnarfrestur samningsins verður að vera a.m.k. 30 dagar eða hafa í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir viðskiptavininn.

Aðeins skal færa sem aðila í rekstrarsambandi þá sem Seðlabankinn hefur samþykkt sem slíka. Einungis þau innlán viðskiptavinar sem falla undir ofangreind skilyrði flokkast á þennan hátt. Innlán sem koma til vegna erlendra greiðslumiðlunar eða starfsemi tengdri frumútgáfu eða verðbréfamiðlun fyrir fagfjárfesta eru ekki flokkuð með innlánum í rekstrarlegum tilgangi.

2.5.7 Komi til þess að lánastofnun taki við innlánum einstaklinga, og færi í sjóð/i innan viðkomandi lánastofnunar, þar með talið en þó ekki eingöngu hjá vörsluaðila lífeyrissparnaðar innan lánastofnunar, skal lánastofnun vera heimilt að færa innlán sjóðs í skýrslur um laust fé í samræmi við 1. tl. 3. mgr. 9. gr. reglna nr. 1055/2013, þ.e. eins og um innlán einstaklinga væri að ræða, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt að öllu leyti:

- a) Hlutdeild einstaklings í innlánsleið vörsluaðila skal vera skýrlega afmörkuð.
- b) Einstaklingur er eini eigandi innláns, þ.e. sinnar hlutdeildar í innlánsleið vörsluaðila, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og fer einn með rétt til úttektar eða annarrar tilfærslu innláns samkvæmt lögum og/eða umsömdum skilmálum.
- c) Einstaklingur getur ekki undir neinum kringumstæðum framselt, eða fært með öðrum hætti, réttindi sín samkvæmt b) lið til lánastofnunar eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar innan lánastofnunar.
- d) Einstaklingur fær skriflega staðfestingu á því að innlánið sé lagt inn hjá vörsluaðila lífeyrissparnaðar innan lánastofnunar og að honum sé frjálst að taka fjármuni út eða færa þá til í samræmi við lög og/eða umsamda skilmála.

- e) Hvorki lánastofnun né sjóður og/eða vörsluaðili lífeyrissparnaðar innan lánastofnunar hefur heimildir til að taka hvers kyns ákvarðanir að því er varðar innlán einstaklings fyrir hans hönd, þar með talið en þó ekki eingöngu að flytja innlán milli lánastofnana eða milli sjóða og/eða vörsluaðila innan lánastofnunar.

Lánastofnun skal með skriflegum hætti tilkynna Seðlabanka Íslands að hún hyggist nýta flokkun samkvæmt þessu ákvæði enda sýni hún fram á, með fullnægjandi hætti að mati Seðlabanka Íslands, að skilyrðum a)-e) í 1. mgr. sé fullnægt að öllu leyti.

2.5.8 Útflæði. Töluliðir hér að neðan vísa í númer á eyðublaði:

Innlán og önnur fjármögnun án trygginga. Innlendir aðilar:

15. *Innlán einstaklinga.* Hér skal færa innlán sem eru tryggð af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, upp að hámarkstryggingarfjárhæð skv. lögum. Miða skal við núgildandi lög (20.887€). Önnur innlán (eða hluti þeirra) yfir tryggingavernd eru færð undir lið 16. Viðskiptasamband þarf að vera til staðar sem gerir úttekt innlánanna ólíklega. Hér er m.a. átt við að viðskiptavinur hafi launareikninga eða veltureikninga eða sögu um viðskiptasamband við lánastofnunina. Geti lánastofnun ekki greint innlán einstaklinga, sbr. skilyrði í a. og b. liðum 1. tl. 3. mgr. 9. gr. reglnanna, skal flokka öll innlán þessara aðila með 10% vægi.
16. *Önnur innlán einstaklinga.* Hér skal færa önnur innlán einstaklinga en þau sem falla undir lið 15.
17. *Innlán lítilla og meðalstórra fyrirtækja.* Hér er átt við lítil og meðalstór fyrirtæki skv. reglum um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja (reglur 215/2007, 17. gr). Að auki skal innstæða og önnur fjármögnun frá fyrirtækinu hjá lánastofnun vera undir viðmiðunarmörkun, þ.e. vera að hámarki 1m €. Önnur innlán (eða hluti þeirra) yfir tryggingavernd færast í lið 18. Geti lánastofnun ekki greint innlán fyrirtækja, sbr. skilyrði í a. og b. liðum 3. tl. 3. mgr. 9. gr. reglnanna, skal flokka öll innlán þessara aðila með 10% vægi.
 - a. *Hér skal aðeins færa innstæður sem eru tryggðar af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, upp að hámarkstryggingarfjárhæð skv. lögum. Miða skal við núverandi lög (20.887€).*
 - b. *Viðskiptasamband til staðar.*
18. *Önnur innlán lítilla og meðalstórra fyrirtækja.* Hér skal færa önnur innlán lítilla og meðalstórra fyrirtækja skv. reglum um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja (reglur 215/2007, 17. gr) en þau sem falla undir lið 17. Innstæða og önnur fjármögnun frá fyrirtækinu skulu einnig vera undir viðmiðunarmörkun, þ.e. vera að hámarki 1m €.
19. *Innlán lögaðila í rekstrarsambandi.* BIS miðar við > 1m €. Miða skal við núverandi lög (20.887€). Önnur innlán (eða hluti þeirra) fara í Önnur innlán. Rekstrarsamband til staðar, ef lánastofnun getur ekki greint á milli þess hluta innlánanna sem eru vegna rekstrarsambands og þess sem er umfram, skal færa alla fjárhæðina í viðeigandi flokk eftir eiganda innlánanna.
20. *Innlán lögaðila í rekstrarsambandi.* Þann hluta innlána lögaðila í rekstrarsambandi sem er að fullu tryggður af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, má færa með 5% vægi.
21. *Innlán lögaðila annarra en viðskiptavina á fjármálamarkaði ef öll fjárhæðin er tryggð af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta.*
22. *Innlán lögaðila annarra en viðskiptavina á fjármálamarkaði sem ekki eru talin að ofan.*
23. *Innlán ríkis, sveitarfélaga, seðlabanka, opinberra fyrirtækja og alþjóðlegra þróunarbanka ef öll fjárhæðin er tryggð af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta sem ekki eru talin að ofan.*

24. *Innlán ríkis, sveitarfélaga, seðlabanka, opinberra fyrirtækja og alþjóðlegra þróunarbanka önnur en eru talin að ofan.*
25. *Innlán fjármálafyrirtækja í greiðslustöðvun og/eða slitameðferð og/eða hvers kyns lögaðila sem leiða má frá slíkum fjármálafyrirtækjum, þar á meðal en þó ekki eingöngu dótturfélög, yfirtökufélög eða samrunafélög. Innlán í erlendum gjaldmiðlum, sem falla hér undir, skulu færast á tímabil innan þrjátíu daga í samræmi við innleiðingarhraða skv. bráðabirgðaákvæði, séu þau bundin til 6 mánaða eða skemur og því fá 100% vægi. Raunstaða innlánanna er svo fyllt út í sérstakan bráðabirgðalið sem er neðst í LCR skýrslunni.*
26. *Innlán innlendra viðskiptavina á fjármálamarkaði annarra en lífeyrissjóða. Hér undir falla innlán lögaðila skv. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi annarra en lífeyrissjóða.*
27. *Innlán lífeyrissjóða skv. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.*

Innlán og önnur fjármögnun án trygginga. Erlendir aðilar:

28. *Innlán erlendra viðskiptavina á fjármálamarkaði.*
29. *Innlán erlendra aðila. Hér skal færa innlán einstaklinga og lögaðila sem njóta tryggingaverndar skv. lögum um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Miða skal við núgildandi lög (20.887€). Önnur innlán (eða hluti þeirra) yfir tryggingavernd fara í Önnur innlán í lið 29. Viðskiptasamband til staðar. Aðili telst erlendur ef lögheimili er erlent.*
30. *Önnur innlán erlendra aðila. Hér skal telja önnur innlán erlendra aðila en talin eru að framan. Aðili telst erlendur ef lögheimili er erlent.*

Verðbréf og aðrir fjármálagerningar:

31. *Greiðslur vegna óveðtryggðrar verðbréfaútgáfu lánastofnunar, þ.m.t. víxla og skuldabréfa.*
32. *Greiðslur vegna eignavarinna verðbréfa (e. Asset Backed Securities), sértryggðra skuldabréfa og samsettra fjármálaafurða.*
33. *Greiðslur í tengslum við viðskiptabréf með veði í eignum (e. Asset Backed Commercial Papers), og aðra skammtíma fjármögnun með samsettum fjármálaafurðum og fjármögnun sem bankinn getur verið skyldugur til að kaupa til baka innan 30 daga vegna samnings við mótaðila. Hér skal færa skuldbindingar á gjalddaga auk eigna sem gæti verið skilað eða annarri lausafjárþörf vegna valréttta eða ákvæða í samningum.*

Samningsbundin láns- og lausafjárþyrirgreiðsla:

Ónýtt láns- og lausafjárþyrirgreiðsla skal telja til útlæðis að því marki sem hún verður ekki afturkölluð skilyrðislaust, einhliða og án tafar.

34. Ónýttar yfirdráttarheimildir og lánalínur til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
35. Ónýttar lánsheimildir til ríkis, sveitarfélaga, seðlabanka, opinberra fyrirtækja og alþjóðlegra þróunarbanka.
36. Ónýttar lánsheimildir til lögaðila annarra en viðskiptavina á fjármálamarkaði. Sjá skilgreiningu á viðskiptavinum á fjármálamarkaði í lausafjárreglum.
37. Ónotuð lausafjárþyrirgreiðsla til ríkis, sveitarfélaga, seðlabanka, opinberra fyrirtækja og alþjóðlegra þróunarbanka.
38. Ónotuð lausafjárþyrirgreiðsla til lögaðila annarra en viðskiptavina á fjármálamarkaði. Sjá skilgreiningu á aðilum á fjármálamarkaði í lausafjárreglum.
39. Ónýttar lánsheimildir og lausafjárþyrirgreiðsla til lánasofnana.
40. Ónýttar lánsheimildir til aðila í fjármálastarfsemi annarra en lánasofnana.
41. Ónotuð lausafjárþyrirgreiðsla til aðila í fjármálastarfsemi annarra en lánasofnana.
42. Ónýttar lánsheimildir og lausafjárþyrirgreiðsla til annarra lögaðila en fram koma að ofan. Til dæmis SPE, conduits, SPV og allt annað en talið er að ofan.

Veðlánasamningar og endurhverf verðbréfa kaup:

Hér undir falla veðlánasamningar, endurhverf verðbréfasala og aðrir sambærilegir samningar. Gert er ráð fyrir að hægt verði að endurnýja samninga sem byggja á hágæða eignum en þá er gert ráð fyrir sambærilegu frádragi og felst í vægi eignanna skv. 6. gr. reglnanna. Ekki er gert ráð fyrir endurnýjun samninga sem byggja á öðrum veðum og því er vægi þess liðar 100%.

43. Veðlán og endurhverf verðbréfa kaup þar sem veðandlag er 1. stigs eign og fjármögnun í seðlabönkum.
44. Veðlán og endurhverf verðbréfa kaup þar sem veðandlag er 2. stigs eign A.
45. Veðlán og endurhverf verðbréfa kaup þar sem veðandlag er annað en 1. stigs eða 2. stigs eignir A.
46. Veðlán og endurhverf verðbréfa kaup þar sem veðandlag er verðbréf tryggð með fasteignaveðlánnum sem falla undir 2. stigs eignir B.
47. Veðlán og endurhverf verðbréfa kaup þar sem veðandlag eru aðrar 2. stigs eignir B.
48. Öll önnur veðlán og endurhverf verðbréfa kaup.

Aðrir liðir:

Lánastofnun skal að auki telja til útlæðis annað samningsbundið útlæði og varúðarfærslur vegna afleiðusamninga og fleiri liða utan efnahags skv. eftirfarandi liðum.

49. Afleiðuskuldir bókaðar á móti afleiðukröfum. Hér skal færa hreint útlæði vegna afleiðusamninga. Gera má ráð fyrir nettun miðað við hvern mótaðila, ef samningur um slíkt er til staðar (e. *master netting agreement*). Ekki skal taka hér tillit til lausafjárþarfar sem gæti orðið vegna veðkalla vegna breytinga á markaðsvirði afleiðusamninga (liður 54) né verðbreytinga á veðum (liður 50).
50. Aukin lausafjárþörf vegna ákvæða í samningum (afleiðusamningar, aðrir samningar), s.s. vegna lækkunar lánshæfismats o.fl. Miðað er við lækkun lánshæfismats lánastofnunar um þrjá flokka í samræmi við það áfall sem reglurnar gera ráð fyrir. Færa skal þau auknu veð, sem krafist yrði við slíkar aðstæður, þegar tekið hefur verið tillit til allra slíkra fyrirvara og skilyrða í afleiðusamningum lánastofnunar.
51. Aukin lausafjárþörf vegna mögulegra verðbreytinga á veðum sem lánastofnun hefur lagt fram sem veðtryggingu (e. *collateral*) vegna afleiða og annarra viðskipta.
 - a. Tryggingar í formi 1. stigs eigna.
 - b. Tryggingar í formi eigna, annarra en þeirra sem skilgreindar eru sem 1. stigs eignir.

Hér færast 20% af virði eigna sem lánastofnun leggur að veði vegna afleiðusamninga ef eignirnar eru ekki flokkaðar sem 1. stigs eignir.

52. *Umframveð frá mótaðila lánastofnunar vegna afleiðusamninga.* Hér skal færa fjárhæð í þeim tilvikum sem bankinn hefur umframveð frá mótaðila sem sá getur, skv. samningi, kallað inn hvenær sem er ef eignin er óskiptanleg (*e. non-segregated*) og hefur verið talin til lausafjäreigna vegna réttinda til að endurveðsetja (*e. rehypothecate*) hana.
53. *Aukin lausafjárþörf, veðköll vegna afleiðusamninga.* Hér skal færa fjárhæð veða sem bankinn er sammingsbundinn til að leggja fram en sem mótaðili hefur ekki enn kallað eftir og hafa ekki verið reidd fram.
54. *Aukin lausafjárþörf, vegna afleiðusamninga sem kveða á um heimild til að skipta á veðum úr 1. stigs eignum fyrir önnur veð.* Hér skal færa fjárhæðir skilgreindra lausafjäreigna sem bankinn hefur frá mótaðila sem veðtryggingu þar sem þau skilyrði eru sett að mótaðili geti skipt þeim út án samþykkis bankans fyrir öðrum eignum.
55. *Aukin lausafjárþörf vegna mögulegra breytinga á markaðsvirði afleiðusamninga.* Hér skal lánastofnun færa varúðarfærslu sem samsvarar mesta 30 daga hreinu útflæði veðtrygginga sl. 24 mánuði.
56. *Ábyrgðir, skjalaábyrgðir (e. letter of credit), láns- og lausafjárlnur sem að bankinn hefur gefið út og má afturkalla án skilyrða.*
57. *Sammingsbundnar skyldur til að veita lán/fjármögnun sem ekki hafa þegar verið nefndar hér að ofan.*
58. *Uppfyllt bindiskylda skv. reiknaðri meðalstöðu.* Bindifjárhæð skal miða við þá meðalstöðu sem bindiskyldir aðilar þurfa að uppfylla á binditímabilinu, óháð því hvernig hún hefur verið uppfyllt það sem af er tímabilinu.
59. *Aðrar sammingsbundnar greiðslur.*

2.6. Inngreiðslur

- 2.6.1. Innflæði er fært ásamt áföllnum vöxtum og án vægis. Það reiknast að hámarki 75% af útflæði við útreikning lausafjárhlutfallsins.
- 2.6.2. Einungis skal telja sammingsbundið innflæði frá útstandandi lánsamningum sem eru í skilum og þar sem lánastofnun hefur ekki ástæðu til að vænta vanskila á viðeigandi tímabandi.
- 2.6.3 Innflæði. Tölulíðir hér að neðan vísa í númer á eyðublaði:

Veðlánasamningar og endurhverf verðbréfasala:

Vægi innflæðis vegna veðlána miðar við frádrag veðanna sem að baki liggja sé um 1. eða 2. stigs eignir að ræða. Gert er ráð fyrir að samningar með veð í 1. stigs eignum séu endurnýjaðir og því er ekkert innflæði. Vegna veðlánasamninga eða endurhverfrar verðbréfasölu með veð í 2. stigs eignum skal gera ráð fyrir innflæði samsvarandi frádragi af markaðsvirði fyrir viðeigandi eignir. Ekki er gert ráð fyrir að veðlánasamningar með veð í öðrum eignum en 1. og 2. stigs eignum séu endurnýjaðir og því er gert ráð fyrir 100% innflæði reiðufjár vegna þeirra samninga.

Ef veð er notað til þess að verja skortstöðu sem varir lengur en 30 daga eða ef lánastofnun þarf fyrst að kaupa eignina til að gera upp samninginn, skal gera ráð fyrir 0% innflæði.

Veðlán og endurhverf verðbréfasala skal færa skv. eftirfarandi liðum:

60. *Innflæði vegna samninga með veði í 1. stigs eignum, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglnanna.*
61. *Innflæði vegna samninga með veði í 2. stigs eignum A, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglnanna.*
62. *Innflæði vegna samninga með veði í bréfum tryggðum með íbúðalánum sem falla undir 2. stigs eignir B, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglnanna.*
63. *Innflæði vegna samninga með veði í öðrum bréfum sem falla undir 2. stigs eignir B, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglnanna.*

64. *Innflæði vegna samninga með veði í öðrum eignum en þeim sem teljast til 1. stigs og 2. stigs eigna, sbr. 2.-4. mgr. 6. gr. reglnanna.*

Láns- og lausafjárfrigreiðsla:

Ekkert innflæðisvægi er á lánalínum, lánsheimildum eða öðrum ádráttarheimildum sem bankinn hefur til eigin nota. Þetta endurspeglar bæði álagsprófið sem um er að ræða og gerir ráð fyrir að aðrar stofnanir séu annað hvort ófærar eða óviljugar að uppfylla samningsbundnar lánalínur. Einnig er um að ræða takmörkun á smiti sem stafar af því að bankar reiða sig um of á lánalínur.

65. *Samningsbundnar lánsheimildir, lausafjárfrigreiðsla og aðrar óádreagnar fjármögnunarheimildir.*

Samningsbundnar greiðslur

Innflæðisvægi ræðst hér af mótaðila, hvort sem lán eru tryggð með veðum eða ekki. Einungis skal telja innflæði útlána í fullum skilum og gera skal ráð fyrir innflæðinu á síðasta degi mögulegum, skv. samningi við mótaðila. Gera skal ráð fyrir að yfirdráttarlánnum verði velt áfram og því á ekki að gera ráð fyrir innflæði vegna þeirra. Ekki á að telja með greiðslur af lánnum sem eru án skilgreinds lokagjalddaga nema ef um er að ræða vaxtagreiðslur eða samningsbundnar lágmarksgreiðslur af höfuðstól.

Lán með vanskil umfram 30 daga og/eða með sértækri virðisrýrnun telst ekki virkt útlán. Virk útlán ná ekki til yfirdráttarlána.

66. *Afborganir og vaxtagreiðslur af lánssamningum við einstaklinga og lögaðila aðra en aðila í fjármálastarfsemi. Virk útlán (e. fully performing). Samningsbundið greiðsluflæði útlána sem ekki eru í vanskilum (30d) og eru með skilgreindan endurgreiðsluferil frá einstaklingum og fyrirtækjum.*
67. *Yfirdráttarlán. Hér skal færa útstandandi yfirdráttarlán. Innflæði vegna yfirdráttarlána telst ekki með sem innflæði.*
68. *Greiðslur af verðbréfum á gjalddaga og afborganir og vaxtagreiðslur af lánssamningum við aðila á fjármálamarkaði og seðlabanka. Virk útlán (e. fully performing). Samningsbundið greiðsluflæði skuldabréfa sem ekki eru í vanskilum.*

Innlán í öðrum lánastofnunum og bundin innlán í seðlabanka

Innlán í rekstrarlegum tilgangi eru hér skilgreind á sambærilegan hátt og vegna útflæðis.

Innlendar lánastofnanir eða Seðlabanki Íslands:

69. *Innlán sem eru ekki í rekstrarlegum tilgangi.*
70. *Innlán sem eru í rekstrarlegum tilgangi.*

Erlendar lánastofnanir eða erlendir seðlabankar:

71. *Innlán sem eru ekki í rekstrarlegum tilgangi.*
72. *Innlán sem eru í rekstrarlegum tilgangi.*

Annað

73. *Afleiðukröfur bókfærðar á móti afleiðuskuldum sem falla í gjalddaga innan 30 daga, hrein staða. Innflæði er reiknað til samræmis við aðferð við að reikna útflæði í tölulíð 48.*
74. *Aðrar samningsbundnar greiðslur. Hér skal færa annað samningsbundið innflæði en skila skal skýringum á því hvað hér fellur undir.*

2.7. Útreikningar

- 2.7.1. Lausafjáreignir skiptast í tvo flokka; Fyrsta stigs eignir og annars stigs eignir. Engin hámark eru á fyrsta stigs eignum en annars stigs eignir geta einungis numið að hámarki 40% af fyrsta stigs eignum. Annars stigs eignir skiptast síðan einnig í tvo flokka; Annars stigs eignir A og B. Annars stigs eignir B geta einungis numið að hámarki 15% af heildarlausafjáreignum.

Formúlan fyrir útreikninga á lausafjáreignum

- Lausafjáreignir = Stig 1 + Stig 2A + Stig 2B – leiðrétting vegna 15% hámarks – leiðrétting vegna 40% hámarks
- Leiðrétting vegna 15% hámarks = Max (leiðrétting Stig 2B – 15/85*(leiðrétt Stig 1 + leiðrétt Stig 2A), leiðrétt Stig 2B – 15/60*leiðrétt Stig 1, 0)
- Leiðrétting vegna 40% hámarks = Max ((leiðrétt Stig 2A + leiðrétt Stig 2B – leiðrétt fyrir 15% hámark) – 2/3*leiðrétt Stig 1, 0)
- Formúla vegna útreikninga er eftirfarandi:
Lausafjáreignir = Stig 1 + Stig 2A + Stig 2B – Max ((leiðrétt Stig 2B + leiðrétt Stig 2B) – 2/3*leiðrétt Stig 1, Leiðrétt Stig 2B – 15/85*(leiðrétt Stig 1 + leiðrétt Stig 2A), 0)

III. KAFLI Innstæðuyfirlit

3.1. Almenn

- 3.1.1 Meðal upplýsingaskila skv. 4. mgr. 20. gr. lausafjárreglna skulu lánastofnanir sem taka á mótí innlánnum fylla út sérstakt innstæðuyfirlit sem auðveldar frekari greiningu á innstæðum og áhættumati á innstæðustöðu lánastofnanna. Helsta markmið upplýsingasöfnunar er að leggja mat á samþjöppunaráhættu innan fjármálakerfisins í heild sinni. Innlánnum er skipt í fjárhæðaflokka, gjaldmiðla (íslenskar krónur og samtals erlendir gjaldmiðlar), fjölda innstæðueigenda auk þess að tiltaka 10 stærstu innlánseigendur í hverjum flokki.

3.2. Grunnflokkar

- 3.2.1 Grunnflokkar innstæðuyfirlitsins hefur sömu skipan og grunnflokkun á innlánnum lausafjáryfirlitsins (vísanir eru í lausafjárreglurnar):

Innlendir aðilar:

1. Einstaklingar (skv. 1. og 2. tl. 9. gr.).
2. Lítil og meðalstór fyrirtæki (skv. 3. og 4. tl. 9. gr.).
3. Lögaðilar í rekstrarsambandi (skv. 5. tl. 9. gr.).
4. Lögaðilar aðrir en viðskiptavinir á fjármálamarkaði sem ekki eru í rekstrarlegu sambandi (skv. 6. og 7. tl. 9. gr.).
5. Ríki, sveitarfélög, seðlabankar o.fl. sem ekki eru í rekstrarlegu sambandi (skv. 8. og 9. tl. 9. gr.).
6. Fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun og/eða slitameðferð (skv. 10. tl. 9. gr.).
7. Innlendir viðskiptavinir á fjármálamarkaði aðrir en lífeyrissjóðir (skv. 11. tl. 9. gr.).
8. Lífeyrissjóðir (skv. 12. tl. 9. gr.).

Erlendir aðilar:

9. Erlendir viðskiptavinir á fjármálamarkaði (skv. 1. tl. (erlendir aðilar) 9. gr.).
10. Aðrir erlendir aðilar (skv. 2. tl. og 3. tl. (erlendir aðilar) 9. gr.).

- 3.2.2 Tilgreina skal stöðu fyrir hvern grunnflokk; upphæð innlána í íslenskum krónum og í erlendum gjaldmiðlum auk fjölda einstaklinga sem eru að baki upphæðunum. Leggja skal saman fjölda reikninga fyrir hverja kennitölu ef sú kennitala á fleiri en einn reikning innan hvers fjármálafyrirtækis. Ekki skal tvítelja innstæður aðila í tvo flokka heldur skal hver og ein kennitala eiga sér samsvörun í einungis einum flokki.

3.3. Upphæðaflokkar

- 3.3.1 Upphæðaflokkar taka mið af því að fá sem gleggsta mynd af dreifingu á upphæðum innlána og ræðst flokkunin nokkuð af gildandi lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 með síðari breytingum og einnig á tilskipun ESB um innlánstryggingar (94/19/EC) með síðari breytingum. Tilskipun ESB tryggir ákveðna samræmingu í innlánstryggingarvernd innan ESB og EES. Samkvæmt íslenskum lögum er lágmarks tryggingarfjárhæð bundin gengi evru og jafngildir á hverjum tíma 20.887 evrum en sama upphæð samkvæmt tilskipun ESB er í dag 100.000 evrur. Þannig hafa upphæðaflokkar á innstæðuyfirlitinu verið settir í annars vegar 3,5 milljónir króna og hins vegar 16,5 milljónir króna. Upphæðaflokkarnir eru eftirfarandi:

1. Innstæður frá 0 – 99.999 kr.
2. Innstæður frá 100.000 kr. – 3.499.999 kr.
3. Innstæður frá 3.500.000 kr. – 16.499.999 kr.
4. Innstæður frá 16.500.000 kr.. – 49.999.999 kr.
5. Innstæður frá 50.000.000 kr. – 99.999.999 kr.
6. Innstæður yfir 100.000.000 kr.

3.4. Stærstu upphæðir

- 3.4.1 Tilgreina skal tíu stærstu innstæðuupphæðir niður á grunnflokka (4.2.1) og hvernig þær skiptast í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla en ekki er krafist tilgreiningar á nöfnum eigenda innstæðnanna.